

REGLUR

um skyldu til að upplýsa embættismenn um skipunarkjör.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um þá starfsmenn ríkisins sem teljast embættismenn skv. 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og eru skipaðir eða settir skv. 23. og 24. gr. sömu laga.

2. gr.

Lágmarksákvæði um skipunarkjör.

Þegar embættismaður er skipaður til starfa skal á sérstöku fylgiblaði upplýsa með skriflegum hætti a.m.k. um eftirfarandi:

1. Deili á aðilum.
2. Vinnustaður. Sé ekki um fastan vinnustað að ræða, eða stað þar sem vinnan fer jafnaðarlega fram, skal koma fram að embættismaður sé skipaður til starfa á mismunandi vinnustöðum.
3. Titill, staða, eðli eða tegund embættis sem viðkomandi er skipaður til, eða stutt útlitun eða lýsing á starfinu.
4. Fyrsti starfsdagur.
5. Lengd skipunar.
6. Orlofsréttur.
7. Frestur til að biðjast lausnar.
8. Mánaðarlaun, t.d. með vísan til launataxta, úrskurðar Kjaradóms eða kjaranefndar, og aðrar greiðslur, svo og greiðslutímabil launa.
9. Lengd venjulegs vinnudags eða vinnuviku.
10. Lífeyrissjóður.
11. Eftir atvikum tilvísun til úrskurðar Kjaradóms, kjaranefndar eða gildandi kjarasamnings hlutaðeigandi stéttarfélags.

Upplýsingar skv. 6. - 9. tl. er heimilt að veita með vísan til laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða kjarasamninga.

3. gr.

Störf erlendis.

Sé embættismanni, öðrum en embættismanni utanríkisþjónustu, falið að starfa í öðru landi í einn mánuð eða lengur, skal hann fyrir brottför fá skriflega staðfestingu á eftirfarandi skipunarkjörum:

1. Áætlaður starfstími erlendis.
2. Í hvaða gjaldmiðli laun eru greidd.
3. Uppbætur eða hlunnindi sem tengjast starfi erlendis.
4. Eftir atvikum skilyrði þess að embættismaður geti snúið aftur til heimalandsins.

Upplýsingar skv. 2. og 3. tl. má gefa með vísan til laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða kjarasamninga.

4. gr.

Afmarkaðar breytingar á skipunarkjörum.

Verði breytingar á skipunarkjörum, skv. 2. og 3. gr., umfram það sem leiðir af lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða kjarasamningum, skal staðfesta breytingarnar með skriflegum hætti, eigi síðar en mánuði eftir að þær komu til framkvæmda.

5. gr.

Sérákvæði varðandi fyrri skipanir.

Óski embættismaður, sem skipaður er fyrir gildistöku laga nr. 70/1996, skriflegrar staðfestingar skipunar í samræmi við reglur þessar, skal láta honum í té slíka staðfestingu innan tveggja mánaða frá því beiðnin er fram komin.

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 5. júlí 1996.

Davíð Oddsson.

Birgir Guðjónsson.

24. júlí 1996

Nr. 414

AUGLÝSING**um kynbótamat úrvalskynbótagripa og gjald á útflutningshross.**

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 161 31. desember 1994 um útflutning hrossa hefur hrossaræktarnefnd, sem starfar skv. 4. og 5. gr. laga nr. 84 30. maí 1989 um búfjárrækt, ákveðið eftirfarandi mörk kynbótamats fyrir hross, þannig að þau teljist úrvalskynbótagripir:

1. Stóðhestar:

Ógelt hesttryppi yngri en fjögurra vetra og aðrir stóðhestar sem ekki hafa einstaklingsdóm: 125 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Stóðhestar með einstaklingsdóm: 120 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

2. Hryssur:

Hryssur yngri en fjögurra vetra og aðrar hryssur sem ekki eru einstaklingsdæmdar: 125 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Hryssur með einstaklingsdóm: 115 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 161 31. desember 1994 um útflutning hrossa hefur verið ákveðið að gjald fyrir hvert útflutt hross skuli vera kr. 8.000. Greiðist útflutningsgjaldið í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins og er ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum o. fl.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um sama efni nr. 226/1995.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. júlí 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.